

Nr. 7
30. júlí

Lög

um

viðauka við lög nr. 5, 1. febr. 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

1. gr. laga nr. 5, 1. febr. 1917, orðist þannig:

Þangað til öðruvísi er ákveðið, heimilast landsstjórninni að gera ráðstafanir þær til að tryggja landið gegn afleiðingum af Norðurálfuófriðnum, er segir í lögum þessum.

2. gr.

Aftan við 3. tölulið 2. gr. sömu laga bætist nýr töluliður, svo hljóðandi: Að banna innflutning á vörum til landsins, nema með leyfi stjórnarinnar, og ákveða, hve mikið skuli lagt á vöruna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Marselisborg, 30. júlí 1918.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sigurður Jónsson.